

| Aðalfundur SOS Barnaþorpanna 2026 | | | |
|-----------------------------------|---|---------------|------------|
| Fundardagur og tími: | 20.5.2026, 17:02 – 18:17 | Fundarstaður: | Hábraut 1a |
| Þátttakendur: | Félagar með atkvæðisrétt: Anna Toher, Svala Ísfeld, Friðrika Jóhanna Sigurgeirsdóttir, Jóhannes Hermannsson, Kristján Þ. Davíðsson, Ingibjörg Elísabet Garðarsdóttir, Páll Stefansson, Valdís Þóra Gunnarsdóttir, Þorsteinn Arnórsson, Björn Sigurbjörnsson, Sigurður Jakob Halldórsson og Anna Bjarney Sigurðardóttir. Starfsmenn SOS: Ólöf Harpa Halldórsdóttir, Rakel Lind Hauksdóttir og Ragnar Schram. Deloitte: Sigurður M. Jónsson og Anna Þ. Benediktsdóttir. | | |

Dagskrá aðalfundar var eftirfarandi:

1. Kosning fundarstjóra og -ritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lausn stjórnar og annarra ábyrgða
5. Kosning stjórnar og varamanns
6. Kosning endurskoðanda
7. Ákvörðun um breytingar á samþykktum
8. Ákvörðun félagsgjalds
9. Önnur mál

1) Fundur settur, kosning fundarstjóra og fundarritara

Kristján Þ. Davíðsson formaður stjórnar SOS Barnaþorpanna setti fund kl. 17:02.

Formaður stjórnar lagði til að Ragnar Schram framkvæmdastjóri SOS Barnaþorpanna tæki að sér fundarstjórn og var tillagan samþykkt einróma. Þá lagði hann til að Rakel Lind Hauksdóttir fjármálastjóri SOS Barnaþorpanna sinnti starfi ritara og var það samþykkt einróma.

2) Skýrsla stjórnar

Framkvæmdastjóri SOS Barnaþorpanna fór yfir skýrslu stjórnar fyrir árið 2025. Farið var yfir helstu atriði úr starfsemi SOS Barnaþorpanna á liðnu ári og benti hann jafnframt á ársskýrslu samtakanna sem finna má á sos.is.

3) Reikningar lagðir fram til samþykktar

Fjármálastjóri SOS Barnaþorpanna fór yfir ársreikning 2025 og helstu breytingar milli árána 2025 og 2024.

Í kjölfarið barst spurning frá fundargesti um ávöxtun fjármuna og eigið fé félagsins. Fjármálastjóri upplýsti um að fjármunir væru að hluta til í stýringu hjá Landsbankanum, og bætti formaður stjórnar því við að miðað væri við minnstu áhættu. Þá upplýsti fjármálastjóri að fjármunir væru einnig ávaxtaðir í veltubréfum og á bankareikningum þar sem félaginu hafa boðist hagstæð innlánskjör. Hvað varðar eigið fé útskýrði fjármálastjóri að hluti þess sé þegar eyrnamerkur og að vinnulagið sé þannig að þegar gerðir eru verkefnasamningar til langs tíma hefur félagið tekið frá fjármuni meðal eigin fjár til þess að standa undir verkefnakostnaði. Fjármálastjóri kom einnig inn á það að óráðstafað eigið fé væri þó of mikið og verið væri að vinna í því að koma fjármunum hraðar í hjálpastarfið.

Ársreikningur var samþykktur með öllum atkvæðum.

Að lokum upplýsti RakeL að þetta yrði hennar síðasti aðalfundur sem fjármálastjóri SOS Barnaþorpanna þar sem hún væri að hverfa til annarra starfa. Hún þakkaði fyrir samstarfið og traustið og sagðist hlakka til að sjá viðstadda að ári en þá sem fundargestur.

4) Lausn stjórnar og annarra ábyrgða

Fundarstjóri upplýsti um að Ólafur Örn Ingólfsson (aðalmaður í stjórn) og Þorsteinn Arnórsson (aðalmaður í stjórn) og Svala Ísfeld Ólafsdóttir (varamaður í stjórn) hafa nú lokið tímabili sínu í stjórn SOS Barnaþorpanna og ganga úr stjórn.

5) Kosning stjórnar og varamanns

Fundarstjóri upplýsti að tvö framboð hefðu borist í aðalstjórn og því væri sjálfkjörið. Framboð barst frá Ólafi Erni Ingólfssyni og Svölu Ísfeld Ólafsdóttur. Fundarstjóri bað fundargesti að staðfesta kjör þeirra sem var gert með lófaklappi.

Fundarstjóri upplýsti að eitt framboð hefði borist í varastjórn og því væri sjálfkjörið. Framboð barst frá Þorsteini Arnórssyni. Fundarstjóri bað fundargesti að staðfesta kjör hans og var það gert með lófaklappi.

Var frambjóðendum óskað til hamingju með kjörið.

6) Kosning endurskoðanda

Fundarstjóri upplýsti að stjórn legði til við fundinn að Deloitte yrði áfram endurskoðandi SOS Barnaþorpanna. Var það samþykkt einróma.

Kristján segir að stjórn sé sérstaklega ánægð með samstarf við endurskoðendur.

7) Ákvörðun um breytingar á samþykktum

Fundarstjóri fór yfir tillögur að breytingum á þremur lagagreinum.

Lagt var til að gera lítilsháttar orðalagsbreytingar á lagagrein 2.1. Lagagreinin fyrir breytingatillögu var eftirfarandi:

2.1 Samtökin eru óopinber og ópólitísk frjáls félagasamtök sem starfa óháð trúfélögum og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Tilgangur samtakanna er að vinna að félagslegri framþróun og starfa þau eingöngu í þágu almennings og þá einkum að hagsmunum þeirra barna og ungmenna sem eiga á hættu að verða aðskilin frá foreldrum sínum eða eru það nú þegar. Þá styðja samtökin einnig við brothættar fjölskyldur og þau sem þarfnast hjálpar vegna náttúruhamfara eða stríðsreksturs. Allir sjóðir samtakanna og tekjuafgangur skulu nýttir til samræmis við tilgang samtakanna.

Ný lagagrein verður eftirfarandi:

2.1 Samtökin eru óopinber og ópólitísk frjáls félagasamtök sem starfa óháð trúfélögum og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Tilgangur samtakanna er að vinna að félagslegri framþróun og starfa þau eingöngu í þágu almennings og þá einkum að hagsmunum þeirra barna og ungmenna sem eiga á hættu að verða aðskilin frá foreldrum sínum eða eru það nú þegar. Þá styðja samtökin við fjölskyldur í viðkvæmri stöðu og þau sem þarfnast hjálpar, svo sem vegna náttúruhamfara eða stríðsreksturs. Allir sjóðir samtakanna og tekjuafgangur skulu nýttir til samræmis við tilgang samtakanna.

Lagt var til að breyta fjárhæð úr 6.000 kr. í 9.000 kr. í lagagrein 3.2. Lagagreinin fyrir breytingartillögu var eftirfarandi:

3.2 Allir virkir styrktaraðilar geta orðið félagar í samtökunum. Skilgreining á virkum styrktaraðila er einstaklingur sem greitt hefur styrktarframlag til samtakanna, í a.m.k. sex mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, samtals að fjárhæð 6.000 kr. eða meira og er ekki í skuld við samtökin.

Ný lagagrein verður eftirfarandi:

3.2 Allir virkir styrktaraðilar geta orðið félagar í samtökunum. Skilgreining á virkum styrktaraðila er einstaklingur sem greitt hefur styrktarframlag til samtakanna, í a.m.k. sex mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, samtals að fjárhæð 9.000 kr. eða meira og er ekki í skuld við samtökin.

Þá var lagt til að fella út orðið „ný“ í lagagrein 7.1 þar sem orðið gat valdið þeim misskilningi að kjósa þyrfti á hverju ári einhvern inn í stjórn sem aldrei áður hefði setið í stjórn. Lagagreinin fyrir breytingartillögu var eftirfarandi:

7.1 Hvert ár skal nýr stjórnarmaður kosinn á aðalfundi. Aðeins félagar samtakanna geta verið stjórnarmenn.

Ný lagagrein verður eftirfarandi:

7.1 Hvert ár skal stjórnarmaður kosinn á aðalfundi. Aðeins félagar samtakanna geta verið stjórnarmenn.

Fundarstjóri leitaði eftir samþykki fundarins um að breytingartillögur yrði bornar upp saman til samþykkis. Varð það samþykkt og voru breytingartillögur samþykktar einróma.

8) Ákvörðun félagsgjalds

Fundarstjóri upplýsti að stjórn SOS Barnaþorpanna legði til við fundinn að félagsgjald yrði óbreytt sem er 2.700 kr. á ári. Var það samþykkt einróma.

9) Önnur mál

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Stjórnarmeðlimur SOS Barnaþorpanna tók til máls og þakkaði Rakel fyrir gott starf í þágu samtakanna. Framkvæmdastjóri félagsins tók undir þessi orð og ítrekaði hve ánægjulegt og farsælt samstarf þau hafi átt.

Þá kallaði fundarstjóri Friðriku upp og þakkaði henni fyrir að sjá fundargestum fyrir gómsætum veitingum á aðalfundi. Sem lítinn þakklætisvott færði fundarstjóri henni blómvönd og þakkaði aðalfundur henni fyrir veitingarnar með lófaklappi.

Fundargestur tók til máls og þakkaði fyrir það frábæra starf sem SOS Barnaþorpin inna af hendi. Hann upplýsti um að hann hafi verið styrktaraðili til margra ára og þekkti því það góða starf sem félagið vinni og að þessi fundur hafi verið staðfesting á því.

Annar fundargestur tók til máls og spurði hvort eitthvað átak væri í pípunum til að afla nýrra styrktaraðila og hvort væri hægt að nýta samfélagsmiðla í auknum mæli. Fundarstjóri

(framkvæmdastjóri félagsins) og fjármálastjóri svöruðu og fóru yfir það helsta sem gert hefur verið í þessum efnum.

Fundarstjóri óskaði eftir því við fundinn að fundarstjóra og fundarritara yrði falið að ganga frá fundargerð og fundargerðin verði send á alla sem mættu á fundinn. Var það samþykkt einróma.

Kristján formaður stjórnar SOS Barnaþorpanna bað um orðið og þakkaði Rakei fráfalandi fjármálastjóra fyrir störf sín í þágu samtakanna. Hann þakkaði einnig starfsmönnum fyrir gott starf og styrktaraðilum fyrir stuðninginn. Kristján kom inn á það að fjárfesta þurfi í tekjuöflun og ef til vill hafi félagið verið of íhaldsamt við að halda kostnaðarhlutfalli í lágmarki. Hann sagði stjórnina vera vel skipaða og að innan hennar sé víðtæk reynsla og þekking.

Hann ítrekaði það að SOS Barnaþorpin væru ekkert án styrktaraðila því án þeirra værum við ekki til. Hann sagðist stoltur og þakklátur fyrir það að fá að taka þátt í starfi samtakanna. Hann minntist einnig á það að alltaf sé verið að leita leiða til þess að dreifa boðskapnum og starfsfólk SOS Barnaþorpanna nýtti hvert tækifæri. Í því sambandi sagði hann frá því að formaður alþjóðastjórnar SOS á heimsvísu hefði millilent hér og heimsótt skrifstofuna hér á landi og komið í sjónvarpsfréttir á RÚV.

Að lokum þakkaði stjórnarformaður öllum fyrir komuna og fyrir að leggja starfi SOS Barnaþorpanna lið.

Fleira var ekki gert á fundinum og sleit fundarstjóri fundinum kl. 18:17.


Rakei Lind Hauksdóttir.